

**53. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 25. nóvember 2016 kl. 11:00 á skrifstofum SSS, Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbæ.**

**Mætt:** Róbert Ragnarsson, Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Sigrún Árnadóttir, Berglind Kristinsdóttir, Björk Guðjónsdóttir, Ásgeir Eiríksson, Kjartan Eiríksson, Þuríður Aradóttir, Eggert Sólberg Jónsson, Brynhildur Kristjánsdóttir og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð. Fjarverandi var Guðmundur Pétursson.

**Dagskrá:**

1. Undirritun fundargerðar frá síðasta fundi.
2. Kynning á skýrsludrögum vegna íbúakönnunar á Suðurnesjum. Áb. ESJ.
3. Innviðagreining á Suðurnesjum – kynning og undirbúningur. Áb. ESJ.
4. Verkefnastaða hjá Markaðsstofu Reykjanes – Áb. PHAB
5. Verkefnastaða hjá SAR – Áb. GP.
6. Atvinnuleysistöflur.

**1. Mál Undirritun fundargerðar frá síðsta fundi**

Fundargerðin lögð fram til undirritunar.

**2. Mál Kynning á skýrsludrögum vegna íbúakönnunar á Suðurnesjum**

Eggert Sólberg kynnti skýrsludrög vegna íbúakönnunar á Suðurnesjum en verið er að vinna úr niðurstöðum hennar. Almennt eru íbúar á Suðurnesjum ánægðir með búsetuskilyrði en unnið verður úr þeim þáttum þar sem úrbóta er þörf.

**3. Mál Innviðagreining á Suðurnesjum – kynning og undirbúningur**

Eggert Sólberg kynnti drög að innviðagreiningu á Suðurnesjum sem Heklan mun vinna.

**4. Mál Verkefnastaða Markaðsstofu Reykjanes**

Þuríður kynnti verkefnastöðu Markaðsstofu Reykjanes.

**5. Mál Verkefnastaða hjá SAR**

Frestað til næsta fundar

**6. Mál Atvinnuleysistöflur**

Samtals eru 310 manns atvinnulausir á Suðurnesjum en voru 244 í síðasta mánuði.

**7. Mál Önnur mál**

Guðmundur Pétursson tilnefnir Grétar Guðlaugsson sem varamann SAR í stjórn Heklunnar og var það samþykkt.

*Fleira ekki gert og fundi slitið*